Minjastofnun Íslands

INNRI GERÐ BESSASTAÐAKIRKJU

Rannsóknarverkefni
Hugmyndir um endurbætur
Þorsteinn Gunnarsson
í samvinnu við ARGOS ehf.
2017

Bessastaðakirkja var reist í þremur áföngum: Útveggir hennar voru hlaðnir á árunum 1777–1785, gengið var frá kirkjuþaki og innréttingum 1790–1795 og turn hennar fullsmíðaður 1822–1823.

Kirkjan var byggð utan um gömlu timburkirkjuna sem notuð var til athafna allt til ársins 1791.



Kirkjuna teiknaði danski arkitektinn Andreas Pfützner (1761–1802). Upphaflega voru útidyr á sunnanverðum kór og grafhýsi út frá norðurhliðinni.



Á fardagaárinu 1863–1864 voru gerðar miklar breytingar
á innviðum kirkjunnar.

- Nýir bekkir með lægri stólbrúðum en áður voru settir í framkirkju.
- Altaristafla úr Dómkirkjunni ásamt umgjörð var sett í kirkjuna.

Árið 1921 lét Matthías Þórðarson þjóðminjavörður gera við kirkjuna fyrir samskotafé. Myndin sýnir innri gerð kirkjunnar eftir viðgerð með upphaflegri milligerð og prédikunarstóli kirkjunnar frá 1709.

Í tilefni þess að öld var liðin frá fæðingu dr. Kristjáns Eldjárns forseta Íslands og þjóðminjavarðar ákvað Minjastofnun Íslands, í samráði við Húsafriðunarnefnd, að gangast fyrir og kosta byggingarsögulega rannsókn á innviðum Bessastaðakirkju.



- Áður flokkaðar innréttingar sem varðveittar eru í Þjóðminjasafni – þ.m.t. altari, prédikunarstóll og milligerð – voru mældar og teiknaðar.
- Sýnishorn af innréttingum kirkjunnar, sem bjargað var frá glötun vorið 1946 og sett í geymslur Þjóðminjasafns, voru flokkuð, merkt og staðsett á grunnmynd kirkjunnar, síðan mæld og teiknuð.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að Jóhannes Jónsson Hólm (1761–1802), snikkari í Hlíðarhúsum, gerði uppdrætti að milligerð milli kórs og kirkju og líklega ýmsu öðru er laut að innansmíð kirkjunnar.



Umgjörð um altaristöfluna er í nýklassískum stíl, teiknuð af Andreas Kirkerup (1749–1810), arkitekt Dómkirkjunnar, og smíðuð af Jóhannesi Jónssyni Hólm.



Lóðréttur skurður AA

Útlit

Lóðréttur skurður BB



Láréttur skurður CC



Líkt og Bessastaðakirkja var Dómkirkjan upphaflega í nýklassískum byggingarstíl en við breytinguna 1847–1848 var hún færð í síðklassískan búning.



3 hálfir og 11 heilir pílárar

Með því að færa Bessastaðakirkju í sinn sögulega rétta búning og setja altaristöfluna og umgjörð hennar upp á nýjan leik, væri hnýttur saman slitinn þráður.



ÞVERÞIL NORÐURSTÚKU, SN 1-1, ÁSÝND AÐ STÚKU



LANGÞIL NORÐURSTÚKU, ÁSÝND AÐ GANGI





LANGÞIL SUÐURSTÚKU, ÁSÝND AÐ GANGI



ÞVERÞIL SUÐURSTÚKU, SS 1, ÁSÝND AÐ STÚKU



LANGÞIL SUÐURSTÚKU, SS 2-1-2-3-4, ÁSÝND AÐ ÚTVEGG



LANGÞIL NORÐURSTÚKU, SN 6 ÁSÝND AÐ ÚTVEGG



LISTI,
NEÐARLEGA Á
ÞILI SN 6

BESSASTAÐAKIRKJA	ÞIL UMHVERFIS STÚKUR	57 111
ÞORSTEINN GUNNARSSON ARKITEKT FAÍ	ÚTLIT SÉRHLUTAR KVARÐI 1:10 & 1:1	MÆLT & TEIKNAÐ APRÍL 2017 ÞG ENDURSKOÐAÐ: ÁGÚST 2017

1795

- Turninn hálfsmíðaður og ófrágenginn.
- Suðurdyr á kór.
- Grafhýsi Thodals.
- Upphaflegir járngluggar.
- Milligerð milli kórs og kirkju, og áfastar stúkur.
- Pallstúka stiftamtmanns.
- Prédikunarstóll frá 1709.
- Skírnarsár inn af prédikunarstólnum.
- Altaristafla frá 1709.
- Skriftastóll og prestssæti í kór.
- Setuloft.
- Tigulsteinagólf.
- Timburkætt loft.



Langsneiðing til norðurs



Þversneiðing að altari



Grunnmynd

1864

- Turninn fullsmíðaður og frágenginn.
- Grafhýsið horfið.
- Nýir trégluggar.
- Nýir kirkjubekkir með lægri stólbrúðum en áður.
- Altaristafla ásamt umgjörð úr Dómkirkjunni.
- Skriftastóll og prestssæti horfið.



Langsneiðing til norðurs



Þversneiðing að altari



Grunnmynd

1921

- Suðurdyr aflagðar.
- Setuloft fjarlægt.
- Pallstúka stiftamtmanns horfin.
- Söngpallur smíðaður og settur í stað pallstúkunnar.



Langsneiðing til norðurs



Þversneiðing að altari



Grunnmynd

2017

- Steinsteypt gólf, lagt eikarparketi.
- Loft með sýnilegum bitum, klæddum krossviði.
- Veggljós í stað upphaflegra ljósahjálma.
- Kirkjubekkir úr eik.
- Prédikunarstóll úr eik.
- Steindir gluggar.
- Nýtt altari og altarisgrindur.
- Altaristafla eftir Mugg.
- Söngpallur og pípuorgel til bráðabirgða.



Langsneiðing til norðurs



Þversneiðing að altari



Grunnmynd

Forir Prédikun
1 1 25
1337
Efur Prédikun
532
580
Forir Prédikun
171 25
331
Efur Prédikun
532
580

Forir Prédikun
252
25
Efur Prédikun
359
580

Hugmyndir um varðveislu og viðhald á innra borði kirkjunnar

Að vel athuguðu máli þykir ekki fýsilegur kostur að færa kirkjuna í upphaflegan búning sinn frá árinu 1795, enda óvinnandi vegur að endurgera elstu gerð kirkjubekkja á traustum grunni, hvað þá pallstúku stiftamtmanns eða stólana tvo í kórnum. Líklegra til árangurs er að miða við ártalið 1864, en lunginn af innviðum kirkjunnar frá þeim tíma hélst ósnertur fram að breytingunni 1946–1948.

- Milligerðin sett upp að nýju.
- Stúkur í framkirkju og bekkir í kór fylgja milligerðinni.
- Altari og altarisgrindur sett upp að nýju.
- Altaristafla úr Dómkirkjunni ásamt umgjörð sett á sinn stað.
- Prédikunarstóll frá 1709 settur í kirkjuna að nýju.
- Skírnarfonturinn settur á sinn stað.
- Gengið frá loftinu eins og það var í öndverðu.
- Settir upp 3 ljósahjálmar og innfelld ljós milli bita.



Þversneiðing að kór

Langsneiðing til suðurs

- Lagt er til að gangur milli bekkja verði lagður tigulsteinum í skásettu tiglamunstri.
- Fremst í kirkjunni verði tigulsteinagólf af samskonar steinum gulum í skásettu tiglamunstri, auk þess rönd með báðum útveggjum.
- Gólf undir kirkjubekkjum verði lögð plægðum gólfborðum.
- Kórgólfið verði lagt fjalagólfi.
- Í kirkjuna komi loftræstikerfi og verði loftinu blásið inn um ristar í glugghúsum.



KIRKJUGÓLF MILLI BEKKJA

SJÁ TEIKNINGU NR. 57-109

GÓLF FREMST Í FRAMKIRKJU

GÓLFIÐ VERÐI LAGT GULUM, LINSTROKNUM TÍGULSTEINUM Í SKÁSETTU TIGLAMUNSTRI

STÆRÐ Á TÍGULSTEINI 5×23 CM
BREIDD Á RAUF MILLI STEINA +1 CM

BEKKUR MEÐ VEGGJUM OG MEÐFRAM MIÐGANGI VERÐI LAGT ÞREMUR STEINUM, BREIDD Á BEKK MEÐ RAUFUM 19 CM



FORKIRKJUGÓLF

GÓLFIÐ VERÐI LAGT HELLUM ÚR SÉRVÖLDU, LJÓSU, ÍSLENSKU LÍPARÍTI, Í SKÁSETTU TIGLAMUNSTRI

STÆRÐ Á HELLUM 233×233×25 MM
BREIDD Á RAUF MILLI HELLNA 7 MM

BEKKUR ÚR SAMA EFNI YST MEÐ VEGGJUM, BREIDDIR Á BEKK MÆLIST Á STAÐNUM

BESSASTAÐAKIRKJA	ENDURBÆTUR		57 117
ÞORSTEINN GUNNARSSON ARKITEKT FAÍ	GÓLF Í FORKIRKJU OG FREMST Í FRAMKIRKJU GRUNNMYND KVARÐI 1:20	MAÍ 2017	ÞG

Ekki verði hróflað við steindu gluggunum, enda vitna þeir um sögu kirkjunnar eftir að Bessastaðir voru gerðir að forsetasetri. Þeir eru framandi í kirkjunni en í Feneyjaskránni segir að einn og sami heildarsvipur – hvað sem byggingarstíl varðar – sé ekki markmið að keppa að við endurbyggingu.



- Lagt er til að smíðaðir verði nýir bekkir í kirkjuna með stólbrúðum er taki mið af bekkjunum frá 1864.
- Annað, eins og breidd á hallandi setfjöl og frágangur á spjaldsettu baki ásamt bólstrun, skal standast nútímakröfur um þægindi.
- Fjarlægð milli bekkja verði 82,5 cm en var áður sléttir 70 cm.



BESSASTAÐAKIRKJA	ENDURBÆTUR		57 116
ÞORSTEINN GUNNARSSON ARKITEKT FAÍ	NÝR KIRKJUBEKKUR OFANVARP, ÚTLIT & SKURÐUR SÉRHLUTAR KVARÐI 1:10, 1:5 & 1:1	MAÍ 2017	ÞG

Tilbrigði 1

- Setuloft fremst í kirkjunni var hluti af upphaflegum frágangi kirkjunnar hið innra.
- Yrði það endursmíðað mundi það skapa hæfilegt mótvægi við milligerðina og hafa sterk áhrif á yfirbragð kirkjunnar.
- Upphaflega var það tvær álnir að lengd. Þá lengd má auka eins og sýnt er á teikningum og koma fyrir litlu pípuorgeli á því miðju.



Þversneiðing að söngpalli

Langsneiðing til suðurs



Grunnmynd

Tilbrigði 1

Tilbrigði 2

- Þilin umhverfis stúkurnar innst í framkirkjunni voru lækkuð 1864.
- Með því að hækka þvervængina, eins og sýnt er á teikningunni, yrði frágangur smíðinnar aftur kórréttur og milligerðin rígskorðuð.
- Þilin yrðu með þessu móti mishá, en segja má að hér verði margar sögur samtíða.

Langsneiðing til suðurs



Grunnmynd

Tilbrigði 2

Tilbrigði 3

- Ef suðurdyr á kór yrðu opnaðar að nýju væru eftirtaldar endurbætur í höfn:
- Öryggiskröfu byggingarregulgerðar um tvær flóttaleiðir úr brunahólfi væri svarað.
- Kirkjan yrði notadrýgri til guðsþjónustuhalds.
- Séð væri fyrir aðkomu fatlaðra á einfaldan og sjálfsagðan hátt.
- Framkvæmdin styddist við söguleg rök.



Þversneiðing að söngpalli

Langsneiðing til suðurs



Grunnmynd

Tilbrigði 3

Tilbrigði 4

- Yrði grafhýsið norður af kórnum endurbyggt fælist í því mikill ávinningur:
- Það yki notagildi kirkjunnar.
- Þar mætti koma fyrir skrúðhúsi, snyrtingu og kyndiklefa í kjallara.
- Unnt væri að taka burt núverandi snyrtingu í forkirkju sem setur vandræðasvip á innra byrðið.
- Framkvæmdin styddist við söguleg rök.



Þversneiðing að söngpalli



Langsneiðing til suðurs



Grunnmynd

Tilbrigði 4

Minjastofnun hefur lagt á það áherslu að „litið verði til listskreytinga og gripa frá seinustu áratugum sem tengjast sögu forsetaembættisins og öðlast hafa mikilvægt sögulegt gildi.“ Á teikningunni er sýnt hvernig munum kirkjunnar er komið fyrir svo að vel fari:

- Legsteinum Páls Stígssonar og Magnúsar Gíslasonar komið fyrir vestast á hvorum langvegg.
- Minningarskildir með nöfnum látinna forseta Íslands og eiginkvenna þeirra settir upp á vesturgafl kirkjunnar.
- Minningartafla um Grím Thomsen flutt á norðurvegg. Undir töflunni er hengd upp söngtafla.
- Gifsafsteypa af lágmynd Thorvaldsens, Verndarvættur byggingarlistarinnar, flutt á suðurvegg. Undir lágmyndinni en hengd upp söngtafla.



Tilraun um listaverkasafn í kór



ÚTLIT



HLIÐARMYND



GRUNNMYND

BESSASTAÐAKIRKJA	ENDURBÆTUR		57 120A
ÞORSTEINN GUNNARSSON ARKITEKT FAÍ	KÓR; ALTARI & GRÁTUR GRUNNMYND ÚTLIT KVARÐI 1:20	MAÍ 2017	ÞG

- Altaristafla úr Dómkirkjunni, sem var í kirkjunni 1864–1946, verði sett yfir altarið, viðgerð.
- Altaristafla, sem gefin var Bessastaðakirkju 1709 og var í steinkirkjunni 1795–1864, verði sett upp á kórgaflinn sunnan altaris, með tilgátu um miðtöflu.
- Altaristaflan eftir Mugg, sem verið hefur í kirkjunni frá 1957, verði sett upp á kórgaflinn norðan altaris.
- Róðukrossinn, sem Ríkarður Jónsson skar út og var yfir altarinu 1948–1957, verði settur á suðurvegginn næst kórgafli.
- Skírnarfötin tvö verði sett á norðurvegginn gegnt krossinum, hvort upp af öðru.

Fjarvíddarmyndir **Pétur Grétarsson arkitekt**
Umbrot **Studio Studio**
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
Tónlist **J.S. Bach, Prelúdía og fúga nr. 535.**